

Kirkjuþing 2016
23. mál – þskj. 23

Skýrsla um stefnumótun þjóðkirkjunnar (áfangaskýrsla)
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016).

Flutt af starfshópi um stefnumótun þjóðkirkjunnar sem í eru
Guðrún Karls Helgudóttir, Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir, Steindór Runiberg Haraldsson,
Þorgrímur Daníelsson og Þórunn Júlíusdóttir

Frsm. Guðrún Karls Helgudóttir

Kirkjuþing 2016 samþykkir að haldið verði áfram vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar út frá hugmyndunum sem fram komu í skýrslu starfshóps um stefnumótun og flutt var á kirkjuþingi 2015. Einnig verði tekið tillit til stefnumótunar þjóðkirkjunnar frá 2003-2010 og sú vinna sem unnin hefur verið í þessum málum undanfarin ár verði höfð til hliðsjónar. Kirkjuþing samþykkir einnig að haldið verði málþing um stefnumótun kirkjunnar þar sem sérfræðingar úr háskólum landsins deili með sér af þekkingu sinni á stefnumótun. Mikilvægt er að staða kirkjunnar í dag verði kortlögð og unnið út frá þeirri stöðu við stefnumótun kirkjunnar.

Skýrsla um stefnumótun þjóðkirkjunnar

Á kirkjuþingi 2014 var samþykkt að skipa fimm manna starfshóp til að vinna að stefnumótun þjóðkirkjunnar. Í starfshópinn voru skipuð sr. Guðrún Karls Helgudóttir, formaður, Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir, Steindór Runiberg Haraldsson, sr. Þorgrímur Daníelsson og Þórunn Júlíusdóttir. Á kirkjuþingi 2015 lagði nefndin fram skýrslu um stefnumótun þjóðkirkjunnar en hún kom úr allsherjarnefnd á framhaldsþingi í apríl 2016 og fékk þá starfshópurinn umboð kirkjuþing til þess að halda vinnunni áfram.

Starfshópurinn lýtur svo á að þar sem nokkuð langur tími er liðinn frá því vinnan hófst og umræður um málið á síðasta kirkjuþingi gáfu ekki sterkar vísbendingar um stuðning við þær hugmyndir sem fram eru komnar, að farsælast sé sækja endurnýjað umboð til áframhaldandi vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar. Ýmislegt í umhverfi þjóðkirkjunnar hefur breyst á þessum tíma s.s. fjárhagslegt öryggi kirkjunnar. Nú verður frumvarp til þjóðkirkjulaga lagt fram á þessu þingi. Starfshópurinn telur mikilvægt að þau lög liggi til grundvallar þegar kemur að stefnumótun þjóðkirkjunnar.

Auk þess telur þessi starfshópur mikilvægt að haldið verði málþing um stefnumótun þar sem fleira fólk komi að ásamt sérfræðingum í stefnumótun.